

41

27. apríl

5. gr.

Rannsóknarstofa Háskólans selur fjörefnablöndu þá, sem um getur í 3. og 4. gr., við því verði, að hún sé skaðlaus af, fyrst um sinn á 5 auru í hvert kílógram smjörlikis, og má ekki hækka verðið nema með samþykki atvinnumálaráðherra.

6. gr.

Rannsóknastofa Háskólans skal senda eftirlitsmanni smjörlikisgerða skýrslur yfir fjörefnablöndukaup hvers smjörlikisframleiðanda jafnóðum og kaupin fara fram, enda er eftirlitsmanninum sérstaklega skylt að vaka yfir því, að farið sé eftir ákvæðum þeim, sem sett eru í reglum þessum.

7. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum frá 100—5000 krónum, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Reglur þessar ganga í gildi 1. maí 1935.

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt lögum nr. 61, 28. janúar 1935, sbr. lög nr. 32, 19. júní 1933, um tilbúning og verzlun með smjörliki o. fl., og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. apríl 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

42

4. maí

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir styrktarsjóð til Svíþjóðarferða.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Styrktarsjóður til Svíþjóðarferða“. Stofnfé hans er kr. 5673.00, sem gefnar eru af sænskum manni, sem ekki vill láta nafns síns getið, til eflingar menningarsambandi Íslands og Svíþjóðar.

2. gr.

Úr sjóðnum má árlega veita styrki, sem nema þrem fjórðu hlutum árs-vaxtanna. Styrkjum má í fyrsta sinni úthluta á árinu 1935.

3. gr.

42

Styrki skal veita ungum og efnilegum mönnum til námsdvalar í Svíþjóð, þó eigi fleirum en einum á ári, þar til árleg úthlutun nemur meiru en 400 krónum. „Sænsk-íslenzka félagið í Reykjavík hefir rétt til að gera tillögur um úthlutun styrksins. 4. maí

4. gr.

Sjóðurinn er undir stjórn forsætisráðherra. Ákveður hann um styrkveitingar og um ávöxtun sjóðsins.

5. gr.

Reikninga sjóðsins og skýrslu um hverjir notið hafa, skal birta í Stjórnartíðindunum.

Forsætisráðherrann, 4. maí 1935.

Hermann Jónasson.

G J A L D S K R Á

43

fyrir notkun raforku í Hafnarfjarðarkaupstað. 8. maí

Verð á raforku skal vera sem hér segir:

1. Um mæli til ljósa	kr. 0,70 fyrir hverja kwst.
2. Um mæli til ljósa og smámótora, hvort- tveggja um sama mæli	— 0,55 — — —
3. Um mæli til mótora með ójafnri raun	— 0,40 — — —
4. Um mæli mótora með jafnri raun	— 0,35 — — —
5. Um mæli til mótora við fiskþurrkunarhús	— 0,18 — — —

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af eiganda rafmagnsstöðvarinnar í Hafnarfirði, Útvegsbanka Íslands h/f og af bæjarstjórn Hafnarfjarðar, staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 83, 23. júní 1932 um raforkuvirki, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. maí 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.